# Málstefna

Sáttmáli um tungumál og málnotkun



Hugmyndir okkar og viðhorf til tungumála og málnotkunar

Hvaða tungumál við notum, í hvaða aðstæðum, við hverja og hvernig?

Aðgerðir og ákvarðanir til að hafa áhrif á hugmyndir og málnotkun.

# Hvað þarf að gerast í vinnu með málstefnu?





**Greining**
-staðan núna
-hugmyndir okkar um tungumál
-hvert viljum við stefna?



**Leiðir**
-hvernig ætlum við að vinna að því að ná markmiðum okkar?
-sem einstaklingar
-sem bekkur
-sem skólasamfélag



**Tímasettar aðgerðir**
Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að ná þeim markmiðum?
-alltaf
-daglega
-sjaldnar

**Verkfæri**
Hvaða verkfæri getum við nýtt?
Hvað vantar okkur?

# Umræðupunktar fyrir vinnu með málstefnu

Markmið umræðna er að auka meðvitun um tungumál og málnotkun

**Um tungumálakunnáttu og hugmyndir um tungumá**

- Hvaða tungumál kunnum við?
  - Hver er færni okkar í þeim?
- Hvaða tungumál eru eftirsóknarverð?
  - Hvað gerir tungumál eftirsóknarvert?
- Hvaða tungumál myndir þú vilja kunna?
  - Af hverju?
- Hvers virði er íslenska?
  - Aðgengi að samfélagi
  - Nám, atvinna, tækifæri, upplýsingar, þjónusta, ferðalög, menning, listir
- Hvað gerir maður án góðrar íslenskukunnáttu?

Hverjar eru hugmyndir okkar um tungumál og málnotkun?

**Um málnotkun**

- Hvaða tungumál heyrirðu og notar í daglegu lífi?
- Hvar heyri ég og nota íslensku?
  - Heima, í skóla, í frítíma, skjánotkun
  - Hvenær notarðu önnur tungumál en íslensku, í hvaða aðstæðum og við hverja?
  - Hvernig velurðu tungumál?
- Hvernig málsnið notarðu í daglegu lífi?
  - Notarðu ólík málsnið við ólíka aðila?
    - Kornabörn, yngri systkini, vinir, fjölskylda, aldraðir, ferðamenn, kennarar
    - Hvað með blótsyrði, slettur, nýyrði, vandað mál, einfalt, formlegt?
- Hvernig áhrif get ég haft á málumhverfi mitt?
  - Hvernig bý ég til jákvætt málumhverfi?
    - Er hægt að meiða eða særa?
    - Hvernig kemur maður í veg fyrir særandi orðanotkun?
  - Hvað er hægt að gera svo aðrir finni að þeir tilheyri?
    - Er hægt að útiloka eða aðgreina?
- Hvernig finnst mér auðveldast að læra tungumál?
  - Læra allir eins?
- Hvað geri ég þegar mig vantar orð?
  - Skipta aðstæður máli?
- Hvað geri ég þegar aðra skortir orð?
  - Skiptir máli hver á í hlut?
    - Smábarn, fjölskyldumeðlimur, vinur, eldri ættingi, ke
- Hvernig býð ég þá sem eru að læra íslensku velkomna?
  - Nýjir bekkjarfélagar?
- Hvernig held ég áfram að tileinka mér ný orð og hugtök á íslensku?

Sækjum upplýsingar!
Gerum rannsóknir!
Gefum okkur tíma til að ræða og ígrunda!

**Um málumhverfið okkar**

- Hvernig málumhverfi vil ég lifa í?
- Hvernig get ég stuðlað að því?
- Hvað þarf að breytast?
- Hvað vantar upp á að hægt sé að stuðla að breytingum?
- Hvað þarf að gera alltaf, alla daga? Hvað þarf að gera sjaldnar?

Að loknum umræðum er hægt að hefja greiningarvinnu og leggja drög að áætlun



# Málheimurinn minn

## Hvaða tungumál heyri ég og nota?

= íslenska ..........................

= ..........................

= ..........................

= ..........................

= ..........................

= ..........................

Veldu einn lit fyrir hvert tungumál sem þú heyrir og notar í daglegu lífi og litaðu málheiminn þinn



**Í skóla**





**Í frítíma**





**Heima**





**Í skjátíma**





# Málheimurinn minn

## Hvaða tungumál heyri ég og nota?

= íslenska ............................ = ............................ = ............................

= ............................ = ............................ = ............................

Veldu einn lit fyrir hvert tungumál sem þú heyrir og notar í daglegu lífi og litaðu málheiminn þinn



**Í skóla**





**Í frítíma**





**Heima**





**Í skjátíma**





# Hvaða tungumál heyri ég og nota á skólatíma?




















